

# ÚTSKRIFT ÚR FUNDARGERÐARBÓK FRÆÐSLURÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA.

**117. fundur fræðsluráðs Húnaþings vestra haldinn þriðjudaginn 07. desember 2010 kl. 16:00 í fundarsal Ráðhúss Húnaþings vestra.**

## Dagskrá;

1. Erindi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga.
2. Önnur mál.

## Afgreiðslur:

1. Formaður lagði fram til kynningar eftirfarandi erindi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga:
  - Drög að sameiginlegum inngangskafli fyrir leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla. Þar er fjallað um hlutverk aðalnámskrár, almenna menntun og gæðaeftirlit. Frestur til að skila inn athugasemdum er til 20. desember 2010.
  - Nýjar viðmiðunarreglur sambandsins um nám í grunnskóla utan lögheimilissveitarfélags.
  - Upplýsingarit um leiðbeiningar og viðmið fyrir sveitarfélög í tengslum við innra mat grunnskóla.
  - Upplýsingarit yfir skyldur og ábyrgð skólanefnda samkvæmt lögum um grunnskóla.
2. Önnur mál
  - Rætt var um einkunnagjöf fyrir heimanám í þeim tilfellum þegar nemandi er ófær um að sinna heimanámi t.d. vegna veikinda. Fræðsluráð er sammála um að viðbrögð kennara í slíkum tilfellum skuli vera samræmd og sanngjörn. Samþykkt að formaður afli upplýsinga um meðferð slíkra atvika hjá skólastjóra grunnskóla.
  - Lögð fram til kynningar skýrslan “Heilsa og líf skjör skólanema á Norðvestursvæði 2006-2010” frá Rannsóknasetri forvarna við Háskólann á Akureyri. Rannsóknin beindist að margvíslegum þáttum í lífi ungs fólks. Þar má nefna félagslegar aðstæður, tengsl við foreldra og vini, mataræði, hreyfingu og tómstundastarf. Fræðsluráð hvetur áhugasama til að kynna sér verkefnið á heimasíðu verkefnisins [www.hbsc.is](http://www.hbsc.is) Einnig mun skýrslan liggja frammi á Bóka- og skjalasafni Húnaþings vestra eftir 10. desember.

Valdimar H. Gunnlaugsson boðaði forföll sín og varamanns.

Fundargerð upplestin og samþykkt.

Ólöf Þorsteinsdóttir(sign.),  
Rakel Runólfsson(sign.),

Fundi slitið kl. 16:50

Gísli G. Magnússon(sign.).  
Borghildur H. Haraldsdóttir(sign.).